



Starfsáætlun Nesskóla



2025-2026

Efnisyfirlit

INNGANGUR	2
UM SKÓLANN Í SÖGULEGU SAMHENGNI	3
NESSKÓLI 2025-2026	4
SÝN NESSKÓLA	5
SKÓLABRAGUR – EINKUNNARORÐ SKÓLANS	5
SKRIFSTOFA SKÓLANS	5
STARFSFÓLK	5
NEMENDUR	8
SKÓLADAGATAL	9
HELSTU VIÐBURÐIR SKÓLAÁRSINS	10
ERASMUS+	11
SKIPULAG SKÓLANS	12
SKIPURIT	12
NÁM OG KENNSLA	13
VIÐMIÐUNARSTUNDASKRÁ	14
NÁMSMAT	14
SAMSKIPTADAGAR	15
UTÁ – UPPELDI TIL ÁBYRGÐAR	15
SKÓLAREGLUR NESSKÓLA	17
ALMENNAR REGLUR	17
REGLUR UM SKÓLASÓKN	17
REGLUR VARÐANDI FARARTÆKI	18
BEKKJARSÁTTMÁLI	18
SKÝR MÖRK - ÓFRÁVÍKJANLEGAR ÖRYGGISREGLUR	18
MEÐFERÐ AGABROTA	18
ÞRÓUN OG ENDURMENNTUN	19
ENDURMENNTUNARÁHERSLUR 2025 – 2026	19
SÍMENNTUNARÁÆTLUN NESSKÓLA 2024 – 2026	19
INNRA MAT	21
SKÓLAPÚLSINN	22
STOÐÞJÓNUSTA	23
LAUSNATEYMI	23
NEMENDAVERNDARRÁÐ/FORVARNARTEYMI	23
NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF	25
<i>Ráðgjöf til skólans</i>	26

SKÓLAHEILSUGÆSLA.....	26
VINASEL	27
REGLUR FYRIR SKÓLASELIN Í FJARÐABYGGÐ.....	28
RÁÐ OG NEFNDIR	28
SKÓLARÁÐ	28
NEMENDARÁÐ/LEIÐTOGARÁÐ	29
FORELDRAFÉLAG NESSKÓLA.....	31
HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR.....	32
ÓHÖPP, SLYS, SKEMMDIR OG TRYGGINGAR	32
SAMSTARF VIÐ FÉLAGASAMTÖK.....	32
TENGLI VIÐ ÖNNUR SKÓLASTIG OG ATVINNULÍFIÐ	32
UMFERÐARÖRYGGI.....	33
GÆSLA Í ÚTIFRÍI	33
MYNDATAKA.....	33
MÆTINGAR, FORFÖLL, LEYFI OG VEIKINDI	33
SKÓLAAKSTUR	35
TILKYNNINGAR FRÁ SKÓLANUM	35
ÓVEÐUR OG ÓFÆRÐ	35
NESTI OG SKÓLAMATUR.....	35
ÁFALLAÁÆTLUN NESSKÓLA.....	36
FÉLAGSLÍFIÐ / REGLULEGIR VIÐBURÐIR.....	36
FÉLAGSLÍF	36
ÁRSHÁTÍÐ	36
GÖNGUFERÐ	36
ÞEMAVIKA.....	37
JÓLAFÖNDUR.....	37
FJALLAFERÐ	37
9. BEKKJAR FERDALAG.....	37
ÖSKUDAGUR.....	37
RÝMINGARÁÆTLUN.....	37
BÓKASAFN – SKÓLABÓKASAFN	38
TEIKNINGAR AF SKÓLANUM	38
FYRSTA HÆÐ	38
ÖNNUR HÆÐ	38
ÞRIÐJA HÆÐ	39
FJÓRÐA HÆÐ.....	39

Inngangur

Hér gefur að líta starfsáætlun Nesskóla fyrir skólaárið 2025-2026. Grunnskólum ber að birta stefnu sína með tvennum hætti eins og grunnskólalög og aðalnámskrá grunnskóla gera ráð fyrir. Annars vegar er skólanámskrá og hins vegar starfsáætlun skólans sem er þetta rit. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð þeirra og skal semja þær í samráði við starfsfólk skólans.

Starfsáætlun er unnin í samræmi við lög og reglugerðir, aðalnámskrár og stefnu Fjarðabyggðar í fræðslumálum. Í starfsáætlun eru upplýsingar um skólann sem eiga erindi við skólasamfélagið og þá aðila sem tengjast skólastarfinu. Starfsáætlun er hluti skólanámskrárinnar en hana er að finna á heimasíðu skólans www.nesskoli.is. Á heimasíðu skólans er að finna margvíslegar upplýsingar til viðbótar því sem stendur í starfsáætlun.

Aðalnámskrá grunnskóla byggir á sex grunnþáttum sem hver skóli sníðir svo að sínum. Þessir grunnþættir eru: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Nesskóli vinnur stöðugt að því að aðlagja skólastarfið að aðalnámskrá en eins og við vitum þarf skólastarf að vera í stöðugri þróun.

Með von um gott samstarf,
Sigrún Júlía Geirsdóttir skólastjóri



Um skólann í sögulegu samhengi

Í Neskaupstað búa í dag um 1500 manns. Í bænum er öflugt skólasamfélag og eru þar auk Nesskóla, Leikskólinn Eyrarvellir, Tónlistarskóli Fjarðabyggðar, Verkmenntaskóli Austurlands, Íþróttahús, sundlaug og löglegur keppnis gervigrasvöllur. Nesskóli var formlega stofnaður árið 1909 í Nesþorpi og luku 16 nemendur prófi frá honum vorið 1910. Árið 1911 var reist sérstakt skólahús og var það fyrsta steinsteypa húsið í þorpinu. Árið 1931 var svo tekið í notkun glæsilegt skólahúsnæði, teiknað af Guðjóni Samúelssyni, húsasmíðameistara ríkisins. Þegar ákveðið var, rétt fyrir aldamótin 2000, að einsetja grunnskólana var ráðist í allmiklar breytingar og viðbyggingar við Nesskóla. Það var svo árið 2005 að endurbættur skóli var formlega tekinn í notkun.

Hér áður var rekinn skóli á Kirkjumel sem þjónustaði Norðfjarðarsveit, en árið 1994 hófst skólaakstur barna úr sveitinni í Nesskóla. Framan af hýsti Nesskóli 1. – 7. bekk og unglingadeildir voru til húsa í Verkmenntaskóla Austurlands vegna plássleysis í Nesskóla. Rétt fyrir aldamótin 2000 var tekin ákvörðun um einsetningu á Nesskóla. Í kjölfarið var farið í allmiklar breytingar og viðbyggingu við Nesskóla til að geta hýst alla nemendur skólans. Nýtt skólahúsnæði var formlega tekið í notkun árið 2005, eins og fyrr segir. Í dag eru allir nemendur skólans í sama húsnæði auk lengri viðveru barna á miðstigi, Tónlistarskóla Fjarðabyggðar og almenningsbókasafni bæjarins sem einnig er skólabókasafn. Sú nýbreytni verður í vetur að Vinasel (frístund) verður í húsnæði Eyrarvalla, nánar tiltekið í Matthíasarborg.

Nesskóli 2025-2026

Heimilisfang:	Nesskóli stendur við Skólaveg 9 í Neskaupstað
Símanúmer skólans:	477-1124 Ritari er við símann frá kl. 7:45-13:00.
Símanúmer í Vinaseli:	839-9004
Símanúmer í Íþróttahúsi:	477-1181
Stefánslaug:	477-1243
Netfang:	ritarinesskola@skolar.fjardabyggd.is
Heimasíða:	http://www.nesskoli.is
Skólastjóri:	Sigrún Júlía Geirsdóttir sigrunj@skolar.fjardabyggd.is
Aðstoðarskólastjóri:	Þórfríður Soffía Þórarinsdóttir thorfridur@skolar.fjardabyggd.is
Deildarstjóri stoðþjónustu:	Magna Júlíana Oddsdóttir magna@skolar.fjardabyggd.is
Forstöðumaður Vinasels:	Barbara Szulc barbaras@skolar.fjardabyggd.is

Sýn Nesskóla

Starfið í Nesskóla snýst um að auka víðsýni nemenda þannig að þeir verði sem best búnir undir að taka þátt í síbreytilegu nútímasamfélagi.

- Skólinn kennir nemendum um veröldina sem við búum í þannig að þeir verði hæfari til að taka þátt í starfi samfélagsins og bæta það.
- Skólinn okkar er menntastofnun þar sem allir fá tækifæri til að afla sér þekkingar og öðlast leikni.
- Skólinn er uppeldisstofnun þar sem allir geta þroskast og aukið sjálfstraust og baráttuprek sitt.
- Í Nesskóla geta allir nemendur átt sér griðastað þar sem þeir geta unnið verk sín ánægðir og sáttir.

Skólabragur – einkunnarorð skólans

Einkunnarorð Nesskóla eiga að endurspeglar anda skólans eða skólabraginn.

Viska – Virðing – Vinátta

- ✓ **Viska:** Með námi sínu öðlast nemendur visku sem nýtist þeim til framtíðar. Í orðinu felast; vitsmunir, þekking, vísdomur og speki.
- ✓ **Virðing:** Í skólanum er lögð áhersla á að allir séu metnir að verðleikum og fái viðurkenningu á vinnu sinni og því sem þeir leggja sig fram við. Í skólanum er komið fram við alla af virðingu, kurteisi og réttlæti. Lögð er áhersla á að allir geti verið öruggir um að verða ekki fyrir ofbeldi eða áreitni og að unnið sé með það ef slíkt kemur upp.
- ✓ **Vinátta:** Í skólanum er lögð áhersla á og unnið með vináttu og umhyggju. Lögð er áhersla á kurteisi í samskiptum, að allir séu hlýlegir og leggi sig fram við að aðstoða hvern annan. Það hafa allir þörf fyrir vináttu og umhyggju og sömuleiðis hafa allir þörf fyrir að sýna vináttu og umhyggju.

Skrifstofa skólans

Skólinn er opnaður kl. 07:50 á morgnana af skólaliðum og er lokað af starfsmanni lengdrar viðveru kl. 16:00. Ritari á skrifstofu skólans mætir kl. 07:45 og er til kl. 13:15, símsvörun er til kl. 14:00 og þá tekur símsvari við. Hægt er að hafa samband við kennara og stjórnendur í gegnum tölvupóst. Ritari tekur við tilkynningum um forföll nemenda og starfsfólks og skráir þau. Veikinda nemenda er einnig hægt að tilkynna í gegnum Mentor. Umsjónarkennari veitir leyfi í einn til tvo daga en ef óskað er eftir lengra leyfi þarf að fara inn á heimasíðu skólans og fylla út [eyðublað](#). Viðkomandi fær síðan svar rafrænt. Mikilvægt er að óska eftir leyfi með a.m.k. þriggja daga fyrirvara, ekki síst ef um lengri leyfi er að ræða.

Starfsfólk

Starfsmenn Nesskóla eru 43 á skólaárinu 2025-2026, það eru: skólastjórnendur, kennarar, leiðbeinendur, yfirproskapjálfi, náms- og starfsráðgjafi, stuðningsfulltrúar, starfsmaður á bókasafni, skólaliðar og ritari. Einnig hefur skólahjúkrunarfræðingur fasta viðveru á miðvikudögum og er einnig stundum á fimmtudögum.

Trúnaðarmaður kennara (KÍ/FG) er Klara Sigríður Sveinsdóttir. Trúnaðarmaður annarra starfsmanna sem eru hjá AFL er Jóhanna Jónsdóttir en starfsmenn hjá Kili hafa ekki kosið sér sérstakan trúnaðarmann.

Stjórnendur

Sigrún Júlía Geirsdóttir	skólastjóri	sigrunj@skolar.fjardabyggd.is
Magna Júlíana Oddsdóttir	deildastjóri stoðþjón.	magna@skolar.fjardabyggd.is
Þórfriður Soffía Þórarinsdóttir	aðstoðarskólastjóri	thorfridur@skolar.fjardabyggd.is

Kennarar

Aneta J Cwiklinska	grunnskólakennari	aneta@skolar.fjardabyggd.is
Anna Björg Fjeldsted Rúnarsdóttir	umsjónarkennari	annabjorg@skolar.fjardabyggd.is
Anna Margrét Arnarsdóttir	leiðbeinandi með umsjón	annaarnars@skolar.fjardabyggd.is
Aníta Rakel Hauksdóttir	leiðbeinandi	anna.rakel@skolar.fjardabyggd.is
Elín Lára Árnþórsdóttir	leiðbeinandi	ellalara@skolar.fjardabyggd.is
Eva Hafdís Ásgrímsdóttir	leiðbeinandi	evahafdis@skolar.fjardabyggd.is
Fiona Anastasia Frenzen	umsjónarkennari	fiona.frenzen@skolar.fjardabyggd.is
Gerður Hrönn Ragnarsdóttir	leiðbeinandi með umsjón	gerdur.hronn@skolar.fjardabyggd.is
Guðlaug Stefanía Freysteinsdóttir	grunnskólakennari	steffa@skolar.fjardabyggd.is
Guðrún Jónína Sveinsdóttir	umsjónarkennari	gudrunj@skolar.fjardabyggd.is
Guðrún Smáradóttir	leiðbeinandi með umsjón	gunnasm@skolar.fjardabyggd.is
Helga Ingibjörg Gunnarsdóttir	umsjónarkennari	helgaig@skolar.fjardabyggd.is
Hrafna Hanna E. Herbertsdóttir	leiðbeinandi	hrafnah@skolar.fjardabyggd.is
Höskuldur Björgúlfsson	sérkennari	hoskuldur@skolar.fjardabyggd.is
Íris Katla Jónsdóttir	leiðbeinandi/frístundarleiðb.	iriskatla@skolar.fjardabyggd.is
Jenný Sigrún Jörgensen	leiðbeinandi	jennys@skolar.fjardabyggd.is
Klara Sigríður Sveinsdóttir	umsjónarkennari	klara@skolar.fjardabyggd.is
Kristín Guðmundsdóttir	leiðbeinandi með umsjón	kristingu@skolar.fjardabyggd.is
Sigríður Helga Ármannsdóttir	umsjónarkennari	siggahelga@skolar.fjardabyggd.is
Sigríður Inga Björnsdóttir	náms og starfsráðgjafi	sigridur.inga@skolar.fjardabyggd.is
Sofía Gabidullina	tónmenntarkennari	sofia@skolar.fjardabyggd.is
William Geir Þorsteinsson	íþróttakennari	william@skolar.fjardabyggd.is
Þorgerður Edith Hafsteinsdóttir	grunnskólakennari	thorgerdur@skolar.fjardabyggd.is
Þórður Atli Eiríksson	yfirproskapjálfi	thordur.atli@skolar.fjardabyggd.is
<i>Almennir starfsmenn</i>		
Agnes Yolanda G Tulinius	stuðningsfulltrúi	agnesyolanda@skolar.fjardabyggd.is

Ananya Rodpitak	skólaliði	ananya@skolar.fjardabyggd.is
Anna Karen Símonardóttir	forstöðukona bókasafns	boknes@fjardabyggd.is
Barbara Szulc	Umsjón Vinasels og stuðningsfulltrúi	barbara@skolar.fjardabyggd.is
Elísabet Líf Theódórsdóttir	stuðningsfulltrúi	elisabetl@skolar.fjardabyggd.is
Halldóra Guðrún Hákonardóttir	stuðningsfulltrúi	dora@skolar.fjardabyggd.is
Heiða Elísabet Gunnarsdóttir	stuðningsfulltrúi	heidae@skolar.fjardabyggd.is
Indra Jukame	stuðningsfulltrúi	indra@skolar.fjardabyggd.is
Ingibjörg S Jóhannsdóttir	stuðningsfulltrúi	ingibjorgj@skolar.fjardabyggd.is
Jolanta Malgorzata Idzikowska	stuðningsfulltrúi	jolantai@skolar.fjardabyggd.is
Lilja Jóna Halldórsdóttir	stuðningsfulltrúi	liljah@skolar.fjardabyggd.is
Linda María Emilsdóttir	stuðningsfulltrúi	lindame@skolar.fjardabyggd.is
Maria Fe Naneth G Pálsson	skólaliði	mariaf@skolar.fjardabyggd.is
Sara Löye	skólahjúkrunarfr.	sara.loye@hsa.is
Sheilanie Paquera	skólaliði	sheilanie@skolar.fjardabyggd.is
Selma Rut Sigurbjörnsdóttir	stuðningsfulltrúi	selma.sigurbjornsdottir@skolar.fjardabyggd.is
Stefanía Huld Guðmundsdóttir	skólaliði	stebba@skolar.fjardabyggd.is
Yousif Luay George George	frístundarleidd/stuðningsf.	yousifg@skolar.fjardabyggd.is

Öryggisvörður / -trúnaðarmaður

William Geir Þorsteinsson	öryggistrúnaðarmaður	william@skolar.fjardabyggd.is
Þórfriður S. Þórarinsdóttir	öryggivörður	thorfridur@skolar.fjardabyggd.is

Nemendur

Skólaárið 2025 – 2026 eru nemendur 190 í skólanum. Í hverjum árgangi eru umsjónarkennarar sem halda utan um nám og kennslu. Einnig eru stuðningsfulltrúar í flestum árgöngum og yfirproskapjálfi sem sinnir nemendum með fjölþættan vanda.

Skóladagatal

Skóladagatal Nesskóla er aðgengilegt á heimasíðu skólans
<https://www.nesskoli.is/skoladagatal>

Kennsludagar	164
Aðrir skóladagar: samskiptadagar, göngudagur, Fjölgreindaleikar, þemadagar, litlu jól, öskudagur, fjalladagur, íþróttadagur, húllumhæ dagur og karnival/skólaslit	16

Heildarfjöldi skóladaga	180
Skipulagsdagar utan starfstíma skóla	8
Skipulagsdagar á starfstíma	5
Tvöfaldir skóladagar: árshátíð/Góugleði og þemadagur	2
Frístund lokunardagar	26. september starfsdagur 29.-31. október vetrafrí á haustönn 17. nóvember starfsdagur 19. desember litlu jól, frístund opin til klukkan 15 2. janúar starfsdagur 18.-20. febrúar vetrafrí á vorönn 24. apríl starfsdagur 15. maí starfsdagur

Skýringar við skóladagatal 2024 – 2025

Ágúst

14. – 21. Skipulagsdagar utan starfstíma skóla.
22. Viðtalsdagur. Nemendur mæta í viðtal með forsjáraðilum og umsjónarkennara. Frístund opnar kl. 13.00

September

8. Dagur læsis
16. Dagur íslenskrar náttúru
23. Göngudagur (uppbrotsdagur)
24.-25. Fjölgreindaleikar (uppbrotsdagar)
26. Starfsdagur. Frístund lokuð allan daginn.
26.-30 Erasmus+ verkefni 9. og 10. bekkjar

Október

- 1.-6. Erasmus+ verkefni 9. og 10. bekkjar
29. - 31. Vetrarfrí

Nóvember

8. Baráttudagur gegn einelti
14. Vasaljósadagur
16. Dagur íslenskrar tungu
17. Starfsdagur. Frístund lokuð allan daginn
18-20. Þemadagur, fjórir dagar á þremur (uppbrotsdagar)
20. Dagur mannréttinda barna
26. Samskiptadagur. Frístund opin 8:10-16:00

Desember

1. Fullveldisdagur Íslands
19. Litlu jól og bekkjar jól

Janúar

2. Starfsdagur. Frístund lokuð allan daginn
29. Ljóskeið US (námsmat)
30. Þorablót YS

Febrúar

6. Dagur leikskólans
7. Dagur tónlistarskólans
11. Dagur íslenska táknmálsins
11.-13. Leiksýning 9. bekkjar
18. Öskudagur

19.-20.	Vetrarfrí. Frístund lokuð
25.	Útivistardagur/Oddsskarð, háður veðri og skíðalyftum (uppbrotsdagur)
28.	Glitrandi dagur – Dagur einstakra barna
Mars	
5.	Árshátíð yngsta stigs, tvöfaldur dagur YS
10.	Skólaþing 6.-10. bekkur
14.	Dagur stærðfræðinnar
18.	Samskiptadagur
19.	Góugleði á unglingastigi, tvöfaldur dagur US
26.	Árshátíð á miðstigs, tvöfaldur dagur
Apríl	
24.	Starfsdagur. Frístund lokuð allan daginn
27.	Varða US (námsmat)
Mái	
13.	Íþróttadagur 7-10. bekkjar í Fjarðabyggð (uppbrotsdagur)
15.	Starfsdagur. Frístund lokuð allan daginn
25.-30.	Skólaferðalag 9. bekkjar
Júní	
3.-4.	Húllumhæ dagar (uppbrotsdagar)
4.	Ratleikjadagur
5.	Karnivaldagur og útskrift
8.-9.	Skipulagsdagar utan starfstíma skóla.

Helstu viðburðir skólaársins

Gönguferð að hausti þar sem allir nemendur og margt starfsfólk fer í gönguferð.

Vinabekkir. Samvinna á milli stiga, hver bekkur á sinn vinabekk t.d. 1. bekkur og 6. bekkur. Margvísleg verkefni unnin saman s.s. spil, lestur eða leikir.

Dagur læsis. Á þessum degi er unnið með lestur á margvíslegan hátt.

Fjölgreindaleikarnir haldnir einu sinni yfir skólaárið. Þá er hefðbundið skólastarf brotið upp og nemendum blandað þvert á árganga. Markmiðið með leikunum er að vinna að góðum skólabrag með því að nemendur á ólíkum aldri vinna saman að lausn verkefna sem reyna á allar greindir mannskepnunnar. Nemendur 10. bekkjar gegna hlutverki fyrirlíða.

Bleikur dagur í október. Í tilefni af bleikum mánuði Krabbameinsfélagsins klæðist starfsfólk og nemendur bleiku.

Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk og Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk. Báðar settar á daga í kringum Dag íslenskrar tungu þann 16. nóvember.

Þemadagar eru á haustönn. Þá er hefðbundið skólastarf brotið upp og nemendum blandað þvert á árganga, ýmist alveg frá 1. – 10. bekk eða skipt eftir stigum. Viðfangsefni eru margvísleg og valin hverju sinni.

Litlu jólin. Nemendur og starfsfólk eiga rólegan dag þar sem nemendur eiga sameiginlega jólastund í sínum heimastofum, bekkjarjól. Dansað er í kringum jólatréð í sal skólans og sungið. Einnig er boðið upp á stutt diskótek.

Útivistardagur. Farið er í Oddsskarð með hvert skólastig einu sinni á vetri ef veður leyfir. Nemendur hafa tök á að fara á skíði eða bretti, frítt í lyftur og hægt að leigja búnað gegn vægu gjaldi.

Blár mánuður (apríl). Alþjóðlegur dagur einhverfunnar er 2. apríl. Þennan dag klæðumst við bláu í tilefni dagsins. Hann ber upp á Skírdag í ár.

Öðruvísi dagar. Nemendaráð ákveður öðruvísi daga sem geta t.d. verið hattadagur, lopapeysudagur o.fl. Allir nemendur Nesskóla eru hvattir til að taka þátt sem og starfsfólk.

Erasmus+

Nesskóli er Erasmus skóli og við erum mjög stolt af því. En hvað þýðir það í raun?

Erasmus+ skóli er skóli sem tekur þátt í Erasmus+ áætluninni, sem er menntaáætlun Evrópusambandsins. Áætlunin styrkir skóla og menntastofnanir til að vinna að alþjóðlegu samstarfi og skiptum.

Í framkvæmd þýðir það helst:

Nemendur geta farið í skiptináms eða starfsnáms erlendis, oftast í nokkrar vikur eða mánuði.

Starfsfólk getur farið í starfsþróun, heimsótt samstarfsskóla eða kennt erlendis um tíma.

Skólinn getur tekið þátt í samstarfsverkefnum með skólum í öðrum löndum, þróað nýjar kennsluáðferðir og deilt reynslu.

Markmiðið er að efla menntun, auka menningarskilning og veita fólki tækifæri til að kynnast öðrum löndum og menntunarkerfi. Áætlunin nær til allra skólastiga, frá leikskóla til háskóla.

Þó að Ísland sé ekki aðildarríki ESB tekur landið þátt í Erasmus+ sem samstarfsland svo íslenskir skólar geta sótt um styrki og tekið þátt.

Þátttaka Nesskóla í Erasmus+ verkefnum hófst 2017. Það ár fór nemendahópur til Haapsalu í Eistlandi. Árgangurinn tók þátt í stóru verkefni með Danmörku, Lettlandi og Eistlandi.

Síðan þá hefur starfsfólk Nesskóla farið bæði á starfsmannanámskeið, skuggakennslu og í nemendaferðir með nemendum.

Núna síðustu ár hafa nemendur tekið þátt í minni verkefnum en þó alltaf með einhverju þema. Hægt er að sjá verkefnin á heimasíðu skólans undir flípanum Erlent [samstarf](#).

Hver bekkur býr til heimasíðu sem tengist þeirra verkefni og halda þar úti dagbók þegar þau fara í heimsókn til samstarfsskóla og svo þegar við tökum á móti gestum. Af þessu hafa nemendur kynnst annarri menningu bæði á heimili og í skóla, fengið víðtæka þekkingu á efninu sem verkefnið gengur út á og stækkað tengslanet út í heim.

Verkefnin sem eru í gangi á yfirstandandi skólaári eru í samstarfi við Olot í Katalóníu, Spáni, og Jelgava í Lettlandi. Gaman er að segja frá því að er þetta í þriðja skipti sem við vinnum verkefni með skóla í Jelgava. Í haust kláraðist verkefni með skóla í Bensberg í Þýskalandi.

Starfsmenn sem fara á námskeið og skuggakennslu halda kynningu fyrir annað starfsfólk á starfsmannafundi og miðla þannig þekkingu til annara starfsmanna. Þannig gefur Erasmus+ starf Nesskóla bæði beint og óbeint af sér bæði til nemenda og starfsfólks.

Skipulag skólans

Skipurit

Eftirfarandi er skipurit Nesskóla.

Skólastjóri

Aðstoðarskólastjóri

Deildarstjóri

Kennsla

Stoðþjónusta

Þjónusta

Forstöðumaður Vinasels

Stigstjórar

Deildarstjóri
stoðþjónustu/Tengiliður
farsældar

Ritari

Starfsfólk Vinasels

Umsjónarkennarar

Sérkennarar og
stuðningsfulltrúar

Skólaliðar

Faggreinakennarar

Yfirproskapjálfi

Starfsmaður Bókasafns

Náms- og starfsráðgjafi

Nám og kennsla

Viðmiðunarstundaskrá

Heildarfjöldi vikulegra kennslustunda nemenda í 1.-10. bekk grunnskóla skal að lágmarki vera þessi:

1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.	bekkur
30	30	30	30	35	35	35	37	37	37	stundir

Í öllum kjarnagreinum í skólanum eru fyrirbyggjandi hæfnikort sem aðgengileg eru í Mentor og á heimasíðu skólans. Þar kemur fram innan hvernar námsgreinar hver markmið eru í hverri námsgrein. Kennarar meta jafnt og þétt yfir skólaárið svo auðvelt er að fylgjast með hvernig náminu vindur fram miðað við þau markmið sem lagt er upp með og viðmið um árangur. Allar einkunnir eru gefnar í bókstöfum nema í valgreinum og vettvangsnámi þar sem gefið er lokið/ólokið.

Kennsluhættir eru fjölbreyttir. Allir nemendur skólans fá kennslu í íþróttum og sundi.

Á yngsta stigi er Byrjendalæsi ríkjandi en þar fléttast námsgreinar inn í lestrar- og læsisnámið. Vikulega er sett fram ný áætlun þar sem ákveðin bók eða texti liggur til grundvallar náminu.

Umsjónarkennari kennir flestar bóklegar greinar á miðstigi og þar er lögð áhersla á samþættingu námsgreina. Nemendur vinna einstaklingslega, í þörum eða hópum að sínu viðfangsefni hverju sinni. Nemendur 5. og 6. bekkjar hafa spjaldtölvur og nemendur 7. bekkjar hafa hver sína tölvu.

Á unglingastigi eru faggreinakennarar sem kenna bóklegar greinar. Eins og á miðstigi eru kennsluhættir fjölbreyttir og hver nemandi hefur sína tölvu. Námsáætlanir er að finna á heimasíðu skólans, <https://www.nesskoli.is/>. Í þeim eru þau markmið sem unnið er með, leiðir að þeim ásamt áherslum í hverjum árgangi fyrir sig. [Hér má skoða námsáætlanirnar.](#)

Valgreinar

Valgreinar eru hluti af skyldunámi. Þær eru kenndar í 8., 9. og 10. bekk og skulu nemendur eiga kost á vali um námsgreinar og námssvið í um fimmtungi námstímans.

Heimilt er að meta skipulagt nám sem stundað er utan grunnskóla, t.d. við tónlistarskóla, sem hluta af grunnskólanámi samkvæmt nánari útfærslu í aðalnámskrá grunnskóla. Stundi nemandi slíkt nám er viðkomandi sveitarstjórn ekki skylt að standa straum af kostnaði sem af því leiðir þótt námið njóti viðurkenningar í stað skyldunáms. Jafnframt er heimilt að meta tímabundna þátttöku í atvinnulífi, félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfböðastarfi sem nám, enda falli það að markmiðum skólastarfs.

Nemendur velja sér valgreinar með aðstoð kennara og stefnt er að því að þeir geti valið sér greinar með hliðsjón af áhugamálum. Framboð valgreina er fjölbreytt bæði innan skóla og utan og flestir ættu að geta fundið eitthvað við hæfi. Hluti af vali nemenda í 9. og 10. bekk er í samstarfi við Verkmenntaskóla Austurlands og á það sér stað á haustönn. Eins er 9. bekkur með bundið leiklistarval og í því er sett upp hin metnaðarfulla 9. bekkjar leiksýning.

Námsmat

[Námsmat](#) er samræmt í öllum grunnskólum Fjarðabyggðar. Það er gert til að skólarnir gangi í takt og til þess að nám í skólum Fjarðabyggðar sé metið á sama hátt eftir sama matskvarða.

Námsmat byggir á frammistöðu nemenda á hæfnikorti. Skólinn notar Mentor til að halda utan um hæfnikort í hverri námsgrein og byggjast viðmiðin á aðalnámskrá grunnskóla en þau eru löguð að markmiðum skólans. Hægt er að fylgjast með mati á hæfnikorti jafnt og þétt yfir veturinn þar sem einstaka viðmið eru metin í bókstöfunum A, B+, B, C+, C, D. Valfög og vettvangsnám eru metin með lokið/ólokið.

Í 1.-10. bekk er lokamat birt í hverri námsgrein í júní. Allir nemendur fá lokamat að vori með bókstafaeinkunn A, B+, B, C+, C eða D. Þeir nemendur sem ekki vinna að sömu námskrá og bekkjarfélagar fá umsögn með sínu lokamati. Ef nemandi fylgir ekki námskrá bekkjarins, hvort sem er undir eða yfir viðmiðum, er einkunn stjörnumerkt*.

Samskiptadagar

Samskiptadagar eru þrisvar á skólaárinu. Í upphafi skólaárs hitta nemendur og foreldrar umsjónarkennara og farið er yfir hvers er að vænta á komandi skólaári. Á seinni samskiptadögum tveimur hittast nemendur, foreldrar og umsjónarkennari eða annar kennari og hlusta á nemendur ræða um námið. Foreldrar sjá sjálfir um að bóka tíma inn á Mentor.is. Frá og með haustinu 2021 hefur verið breyting á samskiptadeginum, unglingastig reið á vaðið með nemendastýrð viðtöl þar sem nemendur segja frá námi sínu og framvindu í námi. Miðstig og yngsta stig hafa fylgt í kjölfarið og tekur nemendastýrða viðtalið mið af getu hvers og eins nemenda.

UTÁ – Uppeldi til Ábyrgðar

Nesskóli er Uppbyggingarskóli. Uppeldi til ábyrgðar – Uppbygging sjálfsaga (e. Restitution) miðar að því að ýta undir ábyrgðarkennd og sjálfstjórn barna og unglunga og þjálfa þau í að ræða um tilfinningar sínar og átta sig á þörfum sínum. Vinnuaðferðunum er einnig ætlað að styðja starfsmenn skólans við að móta sér skýra stefnu varðandi samskipti og agamál. Öðru fremur er um að ræða aðferðir við að kenna sjálfstjórn og sjálfsaga og styrkja einstaklinga í því að læra af mistökum sínum. Hugmyndafræðin hefur áhrif á kennsluhætti, stjórnunarhætti, áherslur í lífsleiknikennslu og ekki síst á meðferð agamála. Hugmyndafræðin byggist á því að einstaklingurinn geti tekið sjálfstæðar, siðferðilegar ákvarðanir varðandi eigin hegðun þegar hann er laus undan skömm, hótunum, sektarkennd eða væntingum og loforðum um umbun og að hann fái tækifæri til að meta lífsgildi sín.

Stefna Uppeldis til ábyrgðar hvetur hvern og einn til að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum, spurt er hvernig manneskur við viljum vera, hver hlutverk okkar eru og hvaða þarfir liggja að baki hegðunar okkar. Hún skapar aðstæður fyrir einstaklinginn til að geta leiðrétt og bætt fyrir mistök sín, gert betur og snúið síðan aftur til hópsins með aukið sjálfstraust. Í uppbyggingu sjálfsaga er lögð áhersla á jákvæð samskipti fremur en reglur, ábyrgð fremur en blinda hlýðni og sjálfsvirðingu fremur en umbun. Treyst er á hæfileikann til sjálfstjórnar og að hver og einn

hugsi áður en hann framkvæmir og bregðist rétt við aðstæðum. Kennari og nemendur ákveða í sameiningu hvaða lífsgildi þeir vilja hafa að leiðarljósi í bekknum með gerð bekkjarsáttmála. Þeir einbeita sér síðan að því að finna út hvernig hægt er að hafa grundvallaratriði gildanna í heiðri. Nemendur og starfsfólk koma sér saman um hlutverk beggja með verkefnavinnu sem kölluð er mitt og þitt hlutverk. Þegar kennari getur fækkað afskiptum af nemendum fá þeir aukið frelsi og verða viljugri til að hlusta og taka eftir þegar mikið liggur við í námi og samskiptum. Árlega er dagur jákvæðra samskipta og þá vinna allir nemendur skólans verkefni í anda uppbyggingarstefnunnar sem miða að því að styrkja nemendur sem einstaklinga og sem hóp.

Hvað er uppeldi til ábyrgðar?

- Leið til að ýta undir jákvæð samskipti.
- Miðar að því að kenna börnum og unglingum sjálfstjórn og sjálfsgæta og læra af mistökum í samskiptum.
- Byggir á að ná samstöðu um lífsgildi til að hafa að leiðarljósi og fylgja þeim síðan eftir með fáum skýrum reglum.
- Ýtir undir hæfni til að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum.
- Gefur innri styrk og aukið sjálfstraust.
- Eflir nemendur í sjálfstæðri hugsun og að þeir þroski með sér jákvætt gildismat.

Grunnþarfir

Grunnþarfirnar fimm eru undirstöðupáttur í uppbyggingu. Það að þekkja þarfir sínar er grundvöllur þess að maður skilji hegðun sína og geti breytt henni til betri vegar. Öll hegðun stafar af því að við erum að reyna að mæta einhverri af þörfunum. Þær eru missterkar hjá fólki, sem m.a. gerir það að verkum að við erum öll ólík.

				
Tilheyra	Áhrif	Gleði	Frelsi	Öryggi
Ást og umhyggja	Vera góður í	Leikur	Geta valið sjálfur	Matur
Góðvild	Finna mikilvægi sitt	Námsgleði	Sjálfstæði	Hvíld
Þykja vænt um	Fá viðurkenningu	Hlátur	Forvitni	Föt
Samvinna	Standa sig vel	Jákvæðni	Víðsýni	Skjól
Hjálpsemi	Ráða við	Skopskyn	Frumleiki	Heilsa

Í Uppbyggingarteymi skólaárið 2025-2026 sitja:

Ekki sitja ákveðnir fulltrúar í teyminu þetta skólaár. Allir hjálpast að við að standa vörð um uppbyggingarstefnuna.

Skólareglur Nesskóla

Skólareglum Nesskóla er ætlað að skapa starfsanda sem byggir á vellíðan, gagnkvæmri virðingu og samábyrgð allra í skólasamfélaginu. Þær eiga við á skólatíma, í skólahúsnæðinu, í mötuneyti, á skólalóðinni í skólabílnum og í ferðum sem farnar eru á vegum skólans.

Umsjónarkennarar skulu kynna og fjalla um skólareglur Nesskóla með nemendum sínum og kynna foreldrum/forsjáraðilum reglurnar. Kennarar hafa möguleika á að skrá öll tilvik í Mentor er varða óásættanlega hegðun eða vinnubrögð.

Gæta skal hófs við beitingu viðurlaga við broti á skólareglum. Viðurlög skulu til þess fallin að hvetja nemendur til bættrar hegðunar.

Skólareglur eru byggðar á og unnar í samræmi við 14. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 og reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins.

Almennar reglur

- Skólinn er okkar vinnustaður og við gerum skólaveruna sem ánægjulegasta með hjálpsemi, tillitssemi og vingjarnlegri framkomu.
- Nemendur skulu hlýða fyrirmælum starfsfólks skólans.
- Við göngum vel um, förum vel með bækur og aðrar eigur skólans bæði utan sem innan dyra.
- Nemendum ber að sinna heimanámi skv. fyrirmælum kennara. Sérstök áhersla skal lögð á heimalestur.
- Við hengjum yfirhafnir okkar í fatahengi og röðum skónum okkar í skóhillur.
- Nemendur skulu mæta í skólann klæddir eftir veðri og er það á ábyrgð foreldra.
- Skólinn ber hvorki ábyrgð á persónulegum munum né fjármunum nemenda.
- Á skólalóð skulu nemendur sýna aðgæslu og tillitssemi. Nemendur í 1. – 7. bekk eru úti í frímínútum og er þeim óheimilt að fara út af skólalóð.
- Nemendur skilja snyrtilega við kennslustofur í lok kennsludags.
- Notkun farsíma er óheimil á skólatíma í húsnæði skólans, íþróttahúsi, sundlaug og á skólalóð.
- Skólinn er heilsueflandi grunnskóli og leggur áherslu á að nemendur neyti hollrar og næringarríkrar fæðu. Neysla gosdrykkja, orkudrykkja og sælgætis er óheimil nema við sérstök tilefni. Neysla orkudrykkja er þó ávallt með öllu óheimil.
- Allt sorp er flokkað.
- Lífrænn úrgangur er settur í safntunnur.

Reglur um skólasókn

- Við mætum stundvíslega í skólann og komum vel undirbúin.
- Tilkynna ber forföll samdægurs.
- Leyfi í 1-2 daga getur foreldri/forsjáraðili sótt um til umsjónarkennara eða ritara
- Öll lengri leyfi ber að sækja um skriflega á heimasíðu skólans [hér](#). Foreldrar/forsjáraðilar bera ábyrgð á að nemandi vinni upp það sem hann kann að

missa úr námi. Mikilvægt er að sótt sé um leyfi með a.m.k. þriggja daga fyrirvara, þetta er sérlega mikilvægt þegar um lengri leyfi er að ræða.

Reglur varðandi farartæki

- Nemendur eiga skilyrðislaust að nota hjálm við notkun reiðhjóla, raf- eða vélknúinna ökutækja, hlaupahjóla, hjólabretta, línuskauta og hjólaskauta.
- Notkun hjóla, hlaupahjóla, hjólabretta, línu- og/eða hjólaskauta er bönnuð á skólalóðinni og í skólanum.
- Það er á ábyrgð nemenda og foreldra/forsjáraðila að nemendur noti öryggishjálma

Bekkjarsáttmáli

Á þeim grunni sem að ofan greinir gera nemendur hvers bekkjar bekkjarsáttmála um hvernig þeir vilja haga samskiptum sínum og vinnu í skólanum. Bekkjarsáttmálar eru skriflegir og undirritaðir af öllum nemendum bekkjarins. Þeir skulu teknir til umræðu og endurskoðunar að minnsta kosti einu sinni hvert skólaár.

Skýr mörk - ófrávíkjanlegar öryggisreglur

Skýr mörk eru sett til að tryggja vinnufrið í kennslustundum, almenn mannréttindi og öryggi í samskiptum.

- Ekkert einelti
- Ekkert ofbeldi
- Engin vopn
- Engin ávana- eða fíkniefni, þar með talið áfengi, tóbak, rafrettur, nikótínþúða og fíkniefni
- Engar ógnanir, ögranir eða hótanir
- Engin vísvitandi skemmdarverk eða þjófnaður

Meðferð agabrota

Ítrekuð brot á skólareglum

Skólinn bregst við frávikum á hegðun sem [hér segir](#). Valdi nemandi truflun á skólastarfi tekur umsjónarkennari málið í sínar hendur og vinnur að lausn þess í samvinnu við foreldra og kennara. Beri það ekki árangur er málinu vísað til skólastjóra sem vinnur að lausn málsins í samræmi við lög og reglugerðir.

Brottrekstur úr tíma

Valdi nemandi truflun á skólastarfi og lætur ekki segjast við áminningu kennara er heimilt að vísa honum úr tíma til skólastjórna. Kennari greinir umsjónarkennara frá málavöxtum og umsjónarkennari hefur samband við foreldra.

Notkun tóbaks og áfengis

Verði nemandi uppvís af að hafa notað tóbak á skemmtunum skólans eða í skólaferðalögum, í skóla eða á skólalóð er haft samband við foreldra. Ef um notkun áfengis er að ræða skal haft samband við foreldra eða lögreglu. Ef um er að ræða ítrekuð brot er nemandi útilokaður frá þátttöku í öllum skemmtunum og ferðum á vegum skólans.


Lögbrot – alvarleg agabrot - viðurlög

Þegar nemendur brjóta alvarlega af sér eru foreldrar kallaðir til. Nemanda er vísað frá skóla á meðan afgreiðsla máls er undirbúin. Samkvæmt lögum má málsmeðferð taka allt að 5 virka daga án þess að nemanda sé útvegað annað skólaúrræði. Skólinn vinnur samkvæmt verklagsreglum um málsmeðferð vegna lögbrota og alvarlegra agabrota.

Þróun og endurmenntun

Endurmenntunaráherslur 2025 – 2026

Ferli um gerð og viðhald starfsþróunaráætlunar



Starfsþróun er samstarfsverkefni hvers starfsmanns og skólans sem stofnunar. Vilji og viðhorf starfsmanna skipta öllu máli varðandi það hvort starfsþróunin nýtist honum vel eða ekki.

Skólastjóri er ábyrgur fyrir framkvæmd og úrvinnslu starfsþróunaráætlana. Starfsfólk er ábyrgt fyrir eigin starfsþróun, þ.e. að koma auga á tækifæri til að bæta kunnáttu og hæfileika og tekur einnig virkan þátt í gerð starfsþróunaráætlunar skólans. Starfsfólk greinir skólastjórnendum frá þeim þáttum í starfsþróun sem þeir hafa áhuga á að sinna til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi. Hver starfsmaður ber ábyrgð á að halda skrá um starfsþróun sína og tímamagn sem í hana fer og skrá í Vinnustund. Stjórnendur sjá um að staðfesta starfsþróun og halda utan um hana. Forgangsraðað er í samræmi við áherslur skólans og fjármagn. Reynt verður að jafna tækifæri til starfsþróunar hverju sinni en einnig verður tekið tillit til þátttöku starfsmannsins á fyrri árum.

Endurskoðun: Gert er ráð fyrir að starfsþróunaráætlun starfsfólks sé í stöðugri endurskoðun og geti breyst m.a. eftir aðstæðum, framboði og verkefnum hverju sinni.

Í vetur fengu fjórir starfsmenn Nesskóla inni í fræðsluverkefni á vegum Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu. Þar munu þeir fræðast um Gemini gervigreind Google.

Símenntunaráætlun Nesskóla 2024 – 2026

Áætlunin er unnin út úr stefnu og sýn Nesskóla sem speglar Aðalnámskrá grunnskóla og Menntastefnu Fjarðabyggðar í samráði við starfsfólk.

Viðfang	Hópur	Markmið	Tími/Hvað	Ábyrgð/umsjón	Dagsetning
Læsi–Skapa samfellu milli stiga í skólanum. Efla lestur og áhuga, taka saman niðurstöður og gera verkferla um eftirfylgni.	Kennarar	Efling læsis, ritunar, tjáningar og lesskilnings í skólanum. Vekja og virkja áhuga nemenda á læsi. Aðstoða kennara við að nýta sér niðurstöður lesfimiprófa og annarra prófa (s.s. lesskilningspróf fyrir 3-10. bekk Orðarún) er kanna stöðu nemenda til að efla framhaldið. Ýta undir bóklestur. Læsisstefna Nesskóla mótuð.	Allt skólaárið	Stýrihópur um læsi Stjórnendur	2024-2026
Leiðsagnarnám / Leiðsagnarmat	Kennarar og stjórnendur	Efla og auka vinnu kennara með leiðsagnarnám/mat m.a. til að efla ábyrgð nemenda á eigin námi og útvíkka kennsluhætti á öllum stigum og í öllum fögum skólans	Innlegg fagaðila <i>Leshringur (bók Nönnu)</i> Stýrihópur hittir fagaðila. Fundir reglulega yfir skólaárið	Stjórnendur og stýrihópur	2024-2026
Teymisvinna / Teymiskennsla	Kennarar og stjórnendur	Þjálfun kennara/leiðbeinanda og stuðnings að vinna og kenna í teymi	Fyrirlestrar / Innlegg fagaðila	Stjórnendur	2024 - 2026
Nemendastýrð viðtöl	Kennarar og stjórnendur	Efla meðvitund nemenda um eigið nám	Kennarafundir Fræðsla frá ISI Vinnustofur	Stjórnendur - kennarar	2025-2026

Upplýsingatækni til eflingar fjölbreyttari kennsluhátta	Kennarar	Að kennarar verði enn öflugri í notkun á tækni í kennslu sem stuðli að fjölbreyttum kennsluháttum svo og að nemendur fái tækifæri til að nýta sér og kynnast nýjustu tækni hverju sinni. Stuðningur við fjölbreyttar kennsluaðferðir. Örnámskeið ásamt eftirfylgni.	Allt skólaárið	Kennarar, Skólastjórnendur Kennarar í Nesskóla Aðrir skólar Ýmsir fyrirlesarar	Kennarafundir á skólaárinu 2025 - 2026
Börn með hegðunarvanda, misþroska, ADHD, einhverfu eða annað	Starfsfólk - allir	Námskeið, 1-2 á skólaárinu þar sem farið er yfir hvernig bregðast má við mismunandi einstaklingum.	2024-2026 1-2 stutt námskeið / erindi / fyrirlestrar	Stjórnendur Ýmsir fyrirlesarar s.s. Valdimar Valsson	2024 – 2026
Heilsuefning - hreyfing	Kennarar	Heilsuefning hvers og eins, til ræktar huga og líkama, sem samsvarar allt að 30 tímum af endurmenntunartímum yfir sumarið en hægt að nýta allt árið. Skráð sem endurmenntun utan vinnutíma í Vinnustund þar sem fram kemur í hvað fólk nýtir tímann.	Allt árið Allt að 30 tímar á ári	Kennarar	2024 - 2026
Fræðsla fyrir starfsfólk	Skólaliðar, stuðningsfulltrúar og ritari.	Ymiskonar námskeið - fræðsla frá iðjuþjálfra - fyrirlestrar	Allt skólaárið 2024-2026	Austurbrú - Stjórnendur	2024-2026

Símenntunaráætlun þessa skal endurskoða á starfsdögum vorið 2026.

Innra mat

Sjálfsmat skóla er leið til þess að vinna kerfisbundið að gæðum og umbótum í skólastarfi, og er einnig leið til að miðla þekkingu og upplýsingum um skólastarf. Megintilgangur sjálfsmatsins er að gera starfsfólki skóla auðveldara að vinna að framgangi markmiða skólans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að umbótum. Þetta á jafnt við um markmið og áherslur í lögum, reglugerðum, aðalnámskrá grunnskóla og staðbundin markmið sem skólarnir setja fram í skólanámskrám. Um leið skapar sjálfsmat faglegan grundvöll fyrir umbætur.

Með sjálfsmati fer fram víðtæk gagnaöflun um skólastarfið sem veitir upplýsingar um í hve miklum mæli árangur skólastarfsins er í samræmi við markmið. Sjálfsmat er ekki hægt að klára, heldur þarf stöðugt að vinna að því. Í niðurstöðum sjálfsmats er mikilvægt að fram komi tillögur um úrbætur.

Í gildandi lögum um grunnskóla eru skýr ákvæði um að skólar skuli innleiða sjálfsmat. Samkvæmt lögnum er skólum í sjálfsvald sett hvaða aðferðum þeir beita við sjálfsmat. Í lögnum eru einnig ákvæði um að á fimm ára fresti skuli menntamálaráðuneytið láta fara fram úttekt á þeim sjálfsmatsaðferðum sem skólar nota. Skólaárið 2017 – 2018 fór fram úttekt Menntamálastofnunar á Nesskóla, nálgast má niðurstöður úttektarinnar á vef stofnunarinnar.

Við skólann starfar gæðaráð sem hefur framkvæmd innra mats á sinni ábyrgð. Í gæðaráði Nesskóla sitja skólastjóri, sem jafnframt ber ábyrgð á innra matinu, yfirmaður stoðþjónustu/tengill farsældar, einn kennari af hverju skólastigi og einn kennari faggreina eða annar starfsmaður.

Skólapúlsinn

Skólinn notar sjálfsmatskerfið Skólapúlsinn til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Um er að ræða könnun fyrir nemendum og foreldra þeirra. Forráðamenn fá tilkynningar um fyrirhugaðar kannanir og geta þá tekið afstöðu til þess hvort þeir eða barn þeirra svari spurningalistanum. Nánari upplýsingar um Skólapúlsinn eru á [vefsíðu könnunarinnar](#).

Einn af verkefnahópum kennara annast umsjón þessara kannana og eru niðurstöður þeirra birtar á heimasíðu skólans. Leiði niðurstöður Skólapúlsins í ljós einelti eða vanlíðan hjá nemendum er ávallt miðað að því að bregðast hratt við og gera úrbætur.

Áherslur í starfi vegna Skólapúlsins

- Kynna niðurstöður fyrir starfsmönnum
- Kynna niðurstöður fyrir nemendum
- Birta helstu niðurstöður á heimasíðu skólans
- Búa til úrbótaáætlun úr fyrri könnun
 - Endurskoða úrbætur eftir seinni könnun að vori

Í töflunni hér fyrir neðan er yfirlit yfir það sem metið er í Skólapúlsinum

Virkni nemenda	Líðan og heilsa	Skólastarf og bekkjarandi
• Ánægja af lestri • Áhugi og ánægja af stærðfræði • Áhugi og ánægja af náttúrufræði • Trú á eigin námsgetu • Trú á eigin vinnubrögð í námi • Þrautseigja í námi	• Sjálfsálit • Stjórn á eigin lífi • Vellíðan • Tíðni eineltis • Tegund eineltis • Staðir eineltis • Hreyfing • Mataræði	• Samsömun við nemendahópinn • Samband nemenda við kennara • Agi í tímum • Virk þátttaka í tímum • Tíðni leiðsagnarmats (endurgjöf til nemenda)

Tengsla- og líðanarkönnun

Samhliða eru tengsla- og líðanarkönnun lögð fyrir 1. – 4. bekk. Niðurstaða könnunarinnar er notuð við sjálfsmat skólans. Miðað er við að könnunin sé lögð fyrir í nóvember.

Stoðþjónusta

Samkvæmt 2. grein grunnskólalaga skal skólinn leitast við að haga störfum sínum í samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins.

Áherslur í stoðþjónustu mótast af þessari lagagrein. Stoðþjónusta er stuðningur við nemanda eða nemendahóp sem þarfnast tímabundinnar aðstoðar eða samfellds stuðnings í lengri tíma jafnvel alla skólagönguna. Aðstoðin sem veitt er fer eftir aðstæðum hvers nemanda, en stoðþjónustan felur í sér breytingu á námsmarkmiðum og/eða kennsluáðferðum miðað við það sem öðrum nemendum á sama aldri er boðið upp á. Aðstoð við stoðþjónustu-nemendur fer ýmist fram inni í bekk nemandans, í smærri hópum eða einstaklingslega eftir því sem best þykir henta hverju sinni. Deildarstjóri stoðþjónustu og umsjónarkennari vinna saman að úrbótum fyrir nemandann í samstarfi við foreldra.

Fræðsluráð úthlutar á hverju vori tilteknum kennslustundum til stoð- og stuðningskennslu í skólanum. Stoðþjónusta er skipulögð af deildarstjóra stoðþjónustu í samvinnu við skólastjórnendur.

Deildastjóri stoðþjónustu er Magna Júlíana Oddsdóttir, hún er jafnframt tengiliður farsældar.

Lausnateymi

Við skólann er starfandi lausnateymi. Það vinnur að málefnum einstaklinga eða hópa og geta kennarar óskað eftir stuðningi teymisins við lausn einstaklingsmála eða málefna hópa. Lausnateymi kemur með tillögu að úrræðum og fylgir þeim eftir. Teymið hefur jafnframt umsjón með vinnu og framkvæmd vegna eineltismála sem formlega eru tilkynnt. Ef ekki næst að leysa mál innan lausnateyma þá er því vísað til nemendaverndarráðs.

Nemendaverndarráð/Forvarnarteymi

Í Nesskóla er Nemendaverndarráð samþætt við Forvarnarteymi. Hlutverk þessara tveggja ráða skarast það mikið og um er að ræða sama fólk sem á að gegna hlutverkum í báðum

þannig að ákveðið var að steypa þeim saman. Þess ber þó að gæta að hlutverkum beggja sé sinnt.

Skólaárið 2025-2026 sitja í Nemendaverndarráði/Forvarnarteymi

Sigrún Júlía Geirsdóttir, skólastjóri

Magna Júlíana Oddsdóttir, umsjónarmaður sérkennslu og tengiliður farsældar

Sara Löye, skólahjúkrunarfræðingur

Þórður Atli Eiríksson, yfirproskapjálfi

Sigríður Inga Björnsdóttir, Náms- og starfsráðgjafi

Einnig geta fulltrúar frá félagsþjónustu sveitarfélags og barnaverndaryfirvöldum tekið þátt í starfi nemendaverndarráðs þegar tilefni er til.

Í reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum segir:

Starfsemi nemendaverndarráða grunnskóla.

16. gr.

Samræmingarhlutverk skólastjóra grunnskóla.

Skólastjóri grunnskóla skal samræma innan hvers grunnskóla störf þeirra sem sjá um málefni einstakra nemenda er lúta að sérfræðiþjónustu, náms- og starfsráðgjöf og skólaheilsugæslu með stofnun nemendaverndarráðs skv. 40. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla.

Jafnframt skal skólastjóri grunnskóla stuðla að samráði við félagsþjónustu sveitarfélags og barnaverndaryfirvöld vegna málefna einstakra nemenda eða nemendahópa eftir því sem þurfa þykir.

17. gr.

Hlutverk nemendaverndarráðs.

Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf og sérfræðiþjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur.

Samstarfið getur verið bæði vegna einstakra nemenda og forvarnarstarfs.

18. gr.

Skipan nemendaverndarráðs.

Skólastjóri skipar nemendaverndarráð til eins árs í senn og er ábyrgur fyrir starfrækslu ráðsins sem skal taka mið af aðstæðum í hverjum skóla. Skólastjóri eða fulltrúi hans stýrir starfi nemendaverndarráðs.

Í nemendaverndarráði grunnskóla eiga sæti skólastjóri og/eða fulltrúi sem hann tilnefnir, umsjónaraðili kennslu nemenda með sérþarfir, fulltrúi skólaheilsugæslu, fulltrúi sérfræðiþjónustu sveitarfélags og náms- og starfsráðgjafi. Einnig geta fulltrúar frá félagsþjónustu sveitarfélags og barnaverndaryfirvöldum tekið þátt í starfi nemendaverndarráðs þegar tilefni er til.

19. gr.

Vísun mála til nemendaverndarráðs.

Fái nemandi ekki fullnægjandi aðstoð vegna fötlunar, sjúkdóms eða námslegra, félagslegra eða tilfinningalegra erfiðleika skal umsjónarkennari vísa málinu skriflega til nemendaverndarráðs.

Fulltrúar í nemendaverndarráði geta haft frumkvæði að því að mál einstakra nemenda séu tekin upp í ráðinu.

Starfsfólk skóla, foreldrar, nemendur og fulltrúar sérfræðiþjónustu skólans geta óskað eftir því við skólastjóra eða fulltrúa hans í nemendaverndarráði að mál einstakra nemenda eða nemendahópa verði tekin fyrir í ráðinu.

Ávallt skal upplýsa foreldra um að máli barna þeirra sé formlega vísað til skólastjóra eða nemendaverndarráðs og leita eftir samstarfi við foreldra um lausn mála eftir því sem framast er kostur.

Nemendaverndarráð skal taka fyrir málefni sem vísað er til ráðsins eins fljótt og auðið er. 20. gr.

Starfshættir nemendaverndarráðs.

Nemendaverndarráð fjallar um sérstök úrræði fyrir einstaka nemendur eða nemendahópa sem lögð hafa verið fyrir ráðið. Ráðið metur hvaða viðbótarupplýsinga er þörf og boðar á sinn fund umsjónarkennara og foreldra svo og aðra aðila sem tengjast málinu ef þörf krefur. Þegar ákvörðun hefur verið tekin um nauðsynlegar ráðstafanir, umbætur eða aðgerðir getur skólastjóri falið aðilum innan ráðsins að fylgja málinu eftir ef nauðsyn krefur.

Fara skal með persónuupplýsingar í samræmi við fyrirmæli um þagnarskyldu og gildandi lög um persónuvernd. Þeir sem sitja í nemendaverndarráði skulu gæta þagnarmælsku um atriði sem varða einka- og fjárhagsmálefni einstaklinga sem þeir fá vitneskju um og leynt eiga að fara. Þagnarskylda nær ekki til atvika sem ber að tilkynna um lögum samkvæmt.

Þagnarskylda helst þótt viðkomandi láti af störfum.

Nemendaverndarráð setur sér starfs- og verklagsreglur þar sem m.a. er kveðið á um tíðni funda ráðsins. Halda skal fund í nemendaverndarráði ef a.m.k. tveir fulltrúar í ráðinu óska þess. Fundir skulu færðir til bókar.

[Nemendaverndarráð 2025-2026](#)

Forvarnarteymi hefur það hlutverk að tryggja kennslu í öllum árgöngum um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni. Kennslan skal taka mið af aldri og þroska nemenda. Teyminu ber að vara kennurum og öðru starfsfólki til stuðnings og ráðgjafar varðandi fræðslu og umræðu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni og sjá einnig um að tryggja viðunandi þekkingu og þjálfun starfsfólks. Teyminu ber jafnframt að tryggja samhefð vinnubrögð starfsfólks með tilliti til ólíkra hópa og ólíkra einstaklinga í tilfellum þar sem börn reyna að greina frá ofbeldi og áreitni. Sérstaklega skal horft eftir merkjum um slíkt í tengslum við umfjöllun sem tengist forvörnum gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni.

Í teyminu starfar: stjórnandi, kennari með þekkingu á málaflokknum, skólahjúkrunarfræðingur, skólasálfræðingur, þroskaþjálfari, sérkennari, námsráðgjafi, tengiliður við Vinasel og tengiliður við félagsþjónustu.

Náms- og starfsráðgjöf

Í skólanum er starfandi námsráðgjafi í 80% starfi. Hann starfar samkvæmt starfslýsingu/erindisbréfi námsráðgjafa. Hann sinnir fyrirbyggjandi starfi, s.s. vörnum gegn vímuefnum, einelti og ofbeldi í samstarfi við starfsmenn skólans og aðra. Einnig situr hann í nemendaverndarráði og áfallaráði. Námsráðgjafi Nesskóla er Sigríður Inga Björnsdóttir sigridur.inga@skolar.fjardabyggd.is

Hlutverk námsráðgjafa og starfsráðgjafa

Þjónusta námsráðgjafa stendur öllum nemendum skólans og foreldrum þeirra til boða, hvort sem erindið er stórt eða smátt.

- Að standa vörð um velferð nemenda
- Allt sem snertir velferð nemenda og stuðlar að vellíðan þeirra bæði í skólanum og utan hans tengist starfi ráðgjafans
- Námsráðgjafi er málsvari nemenda og trúnaðarmaður og aðstoðar þá við að leita lausna í sínum málum

Ráðgjöf til skólans

Þegar grunur vaknar um frávík hjá nemanda varðandi nám og hegðun hefur umsjónarkennari samband við foreldra og deildarstjóra stoðþjónustu. Ef niðurstaða frumgreiningar, sem á sér stað í skólanum og er gerð af deildarstjóra stoðþjónustu, ber þess merki að frekari greiningar er krafist er send beiðni um samþættingu og nánari greiningu (hjá e-m af eftirtöldum aðilum: sálfræðingi, barnalækni, iðjuþjálfra, sjúkraþjálfra og fl. sérfræðingum). Mikilvægt er að greina sértækar þarfir nemenda með snemmtækri íhlutun. Einnig er vert að benda á að oft eru foreldrar búnir að koma auga á eitthvað í fari barns síns sem þeir hafa áhyggjur af og þurfa þá að ræða við umsjónarkennara eða deildarstjóra stoðþjónustu.

Skólaheilsugæsla

Skólahjúkrunarfræðingur er Sara Löye og er hún með fasta viðveru í skólanum á miðvikudögum frá 08:00–16:00. Hægt er að ná í hana í tölvupósti í gegnum sara.loye@hsa.is

Heilsuvernd skólabarna er hluti af heilsugæslunni og framhald af ung- og smábarnavernd. Hjúkrunarfræðingar og læknar á heilsugæslustöðvum sjá um heilsuvernd skólabarna. Markmið heilsuverndar skólabarna er að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Helstu áherslur í heilsuvernd skólabarna eru forvarnir, fræðsla, skimanir og bólusetningar en unnið er samkvæmt leiðbeiningum Embættis landlæknis í þessum málum.

Starfsfólk heilsuverndar skólabarna vinnur í náninni samvinnu við foreldra/forráðamenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að málefnum nemenda með velferð nemenda að leiðarljósi. Hlutverk skólaheilsugæslunnar í heild sinni má sjá [hér](#).

Slys og óhöpp á skólatíma

Það er ekki hlutverk skólahjúkrunarfræðings að vera með slysamóttöku í skólanum. Eftir sem áður veitir skólahjúkrunarfræðingur fyrstu hjálp þegar alvarlegri slys verða í skólanum og er starfsfólki skólans til stuðnings og ráðgjafar þegar upp koma veikindi og slys hjá nemendum á þeim tíma sem hjúkrunarfræðingur er við störf.

Ef smáslys eða óhöpp verður á skólatíma sér starfsfólk skólans um fyrstu hjálp. Þurfi nemandi að fara á heilsugæslustöð eða slysadeild skulu foreldrar/forráðamenn fara með barninu, starfsmaður fer með barn á heilsugæslu ef brýn þörf er á og bíður þar til foreldri/forráðamenn koma. Því er mikilvægt að skólinn hafi öll símanúmer þar sem hægt er að ná í foreldra á skólatíma barnsins. Ekki er ætlast til að óhöppum sem gerast utan skólatíma sé sinnt af skólaheilsugæslunni. Foreldrum er bent á að snúa sér til heimilislæknis og Heilsugæslustöðvarinnar í Neskaupstað með heilsufarsmál sem ekki teljast til skólaheilsugæslu.

Foreldrar/forsjáraðilar bera ábyrgð á líðan og heilbrigði barna sinna. Góð samvinna og gott upplýsingaflæði er mikilvægt til að starfsfólk skólaheilsugæslu geti sinnt starfi sínu sem best. Því eru foreldrar hvattir til að hafa samband við hjúkrunarfræðing skólans ef einhverjar breytingar verða hjá barninu sem gætu haft áhrif á andlegt, líkamlegt eða félagslegt heilbrigði þess. Að sjálfsögðu er fyllsta trúnaðar gætt um mál einstakra nemenda.

Lyfjagjafir

Samkvæmt tilmælum frá landlækni verða engin lausasölulyf hjá skólahjúkrunarfræðingi og eiga börnin ekki að fá nein önnur lyf í skólanum en þau sem læknir hefur ávísað á þau. Foreldrar/forráðamenn þeirra barna/unglinga sem þurfa að taka lyf á skólatíma eru vinsamlega beðnir að hafa samband við hjúkrunarfræðinga skólans til skrafs og ráðagerða um hvernig best verði komið til móts við þessi tilmæli.

Lús

Við viljum minna fólk á að skoða reglulega hár barna sinna og láta skólahjúkrunarfræðing vita ef lús finnst. Við verðum að standa saman og gera viðeigandi ráðstafanir til að hefta útbreiðslu þessa aðskotadýrs.

Nánari upplýsingar um lúsina og viðbrögð má finna á heimasíðu landlæknis [Höfuðlús Kemming](#)

Vinasel

Nemendur í 1.-4. bekk skólans eiga þess kost að koma á Vinasel að loknum skóladegi og dvelja fram eftir degi. Þannig getur lengsta dvöl orðið frá 13:10 – 16:30. Margir krakkar nýta sér þessa þjónustu og eru á Vinaseli í góðu yfirlæti við leik og störf. Staðsetning Vinasels er í Matthíasarborg á Eyrarvöllum.

Fastir starfsmenn eru: Barbara, Jóhanna, Íris og Yousif. Einnig starfar Sif sem tímastarfsmaður en hún er líka nemandi Nesskóla í 10. bekk. Auk Sifjar eru fleiri 10. bekkingar á útkallslista og léttu undir forfallist annað starfsfólk. Starfsáætlun Vinasels er á heimasíðu [skólans](#).

Í útiveru er gæsla á leikskólalóð í höndum starfsmanns Vinasels. Á meðan nemendur dvelja á Vinaseli er í boði að senda nemendur í þær tómstundir sem eru í boði fyrir þá á þeim tíma. Foreldrar verða að tilkynna starfsmönnum í frístund ef nemendur eiga að fara í tómstundir.

Foreldrar greiða eftir dvalartíma barns. Ef breyta þarf skráningu þarf það að gerast fyrir 20. hvers mánaðar. Það er mjög mikilvægt að þessari reglu sé framfylgt vegna skipulags starfsins. Mikilvægt er að láta vita um forföll á skólavistun og ef breytingar verða á tíma barnsins miðað við skráningu.

Reglur fyrir skólaselin í Fjarðabyggð

- Hvert skóladagheimili setur sér umgengnisreglur. Brjóti barn reglurnar ítrekað hefur forstöðumaður samband við heimili barnsins og vinnur ásamt foreldrum barnsins að lausn málsins. Beri það ekki árangur er forstöðumanni heimilt í samráði við skólastjórnendur að meina barninu um vistun.
- Foreldrar og/eða forráðamenn barna með sérþarfir sem þurfa aukna gæslu að mati skólayfirvalda, félagsmálayfirvalda eða svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra, geta sótt um slíka gæslu til fyrrgreindra aðila sem síðan útvega skóladagheimilunum þann liðsauka sem þörf er á.
- Vistunartími skal vera hinn sami innan hvers mánaðar.
- Skólastjórar geta einnig skilyrt vistun á skóladagheimili, t.d. að barn sé þar alla virka daga vikunnar og að vistun sé að lágmarki 2-3 tímar á hverjum degi.
- Breytingar þarf að tilkynna forstöðumanni í tíma og ekki síðar en 20. hvers mánaðar.
- Breytingar taka gildi fyrsta virka dag næsta mánaðar á eftir.
- Skóladagheimilin starfa ekki á starfsdögum kennara og opnun fylgir nemendadögum eftir að starfsemi er hafin.
- Einn starfsmaður skal vera á hver 13 börn í 1. og 2. bekk, viðmiðið er 15 hjá eldri.
- Skipting tíma á skóladagheimilinu er valkvæð á milli skóla en þeir þættir sem helst er horft til eru:
 - Hressing.
 - Útileikir undir stjórn starfsmanna.
 - Frjálsir inni- og útileikir.
- Gjald fyrir vistun og fæði á skóladagheimili í Fjarðabyggð er ákvarðað af bæjarstjórn samkvæmt fjárhagsáætlun hvers árs.

Forstöðumaður í Vinaseli er Barbara Szulc

Símanúmer Vinasels er: 8399004

Ráð og nefndir

Skólaráð

Í Nesskóla starfar skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahald. Skólastjóri hefur forgöngu um stofnun skólaráðs Nesskóla. Skólastjóri situr í skólaráði og stýrir starfi þess. Auk skólastjóra sitja í skólaráði aðstoðarskólastjóri, tveir fulltrúar foreldra, einn fulltrúi úr nærsamfélaginu, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks skólans og tveir fulltrúar nemenda, báðir úr nemendaráði skólans.

Skólaráð Nesskóla:

- ✓ Tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans í samræmi við stefnu sveitarfélags um skólahald.
- ✓ Fjallar um skólanámskrá, rekstraráætlun, starfsáætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið.
- ✓ Fjallar um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skólans og gefur umsögn áður en endanlegar ákvarðanir um þær eru teknar.

- ✓ Tekur þátt í að móta stefnu og sérkenni skóla og tengsl hans við grenndarsamfélagið.
- ✓ Fylgist með öryggi, húsnæði, aðbúnaði og almennri velferð nemenda.
- ✓ Fjallar um skólareglur og umgengnishætti í skólanum.
- ✓ Fjallar um erindi frá skólanefnd sveitarfélags, foreldrafélagi, kennarafundi, almennum starfsmannafundi, nemendafélagi, einstaklingum, mennta- og menningarmálaráðuneyti, öðrum aðilum varðandi málefni sem talin eru upp í þessari málsgrein og veitir umsögn sé þess óskað og aðstæður eru til.
- ✓ Tekur þátt í öðrum verkefnum á vegum skólanefndar að fengnu samþykki sveitarstjórnar.
- ✓ Skólaráð fjallar ekki um málefni einstakra nemenda, foreldra eða starfsfólks skóla.

Nemendaráð/Leiðtogaráð

Við grunnskólann skal starfa nemendaráð og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Nemendaráðið vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að ráðið fái aðstoð eftir þörfum (10.gr. úr grunnskólalögum 2008). Nemendaráð setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn þess og kosningu fulltrúa í skólaráð skv. 2. mgr. 8. gr.

Markmið ráðsins er einnig að búa nemendur undir að:

- starfa í lýðræðisþjóðfélagi
- þroskast félagslega
- tjá skoðanir sínar með eðlilegum hætti

Nemendaráð Nesskóla er skipað 9 nemendum úr 8.-10. bekk. Árgangar kjósa sér tvo fulltrúa og einn til vara. Aníta Rakel Hauksdóttir leiðbeinandi hefur umsjón með nemendaráði.

Formaður nemendaráðs kemur úr 10. bekk. Hlutverk formanns er einkum að hafa forystu í félagslífi nemenda og koma fram fyrir hönd þess.

Hlutverk formanns nemendaráðs:

- Stjórnar nemendaráðsfundum.
- Skipuleggur störf nemendaráðs og sér um verkaskiptingu.
- Er talsmaður nemendaráðs út á við.
- Sýnir starfi sínu áhuga og sinnir því vel.
- Er í góðu sambandi við skólayfirvöld, kennara, starfsfólk og samnemendur.

Starfsáætlun nemendaráðs Nesskóla

Nemendur sem sitja í nemendaráði eru fyrirmyndir allra í skólanum. Sýni nemandi ekki hæfni og færni til að sitja í ráðinu er kennara leyfilegt að skipta nemanda út.

Meti stjórnendur skólans svo að nemendaráðsmaður sé ekki að standa undir þeim kröfum sem gerðar eru til hans er viðkomandi áminntur eða látin víkja úr ráðinu svo hægt sé að hleypa öðrum áhugasömum að.

- Þó er umsvifalaust brottrekstrarsök gerist nemendaráðsmaður uppvís að broti á landslögum eða reglum skólans, en þess þó gætt að andmælaréttur þeirra sé virtur.

Starfsreglur nemendaráðs eru endurskoðaðar á hverju vori af sitjandi nemendaráði.

Markmið nemendaráðs er að nemendur geta sett fram skoðun sína, hugmyndir og haft áhrif á skólastarfið.

Helstu verkefni nemendaráðs:

- Ákveða „Öðruvísi daga“
- Góugleði
- Vinavika
- Svæði unglingastigs
- Ræða þau málefni sem koma frá nemendum og koma þeim í farveg
- Framkvæma hugmyndir sem fram koma frá nemendum skólans í samráði við viðkomandi starfsmann/menn
- Skipta með sér störfum þegar þarf að sinna málefnum innan skólans.

Nemendaráð er með póstkassa og geta nemendur skólans komið með hugmyndir um verkefni/málefni sem nemendaráð tekur á.

Tveir fulltrúar nemenda sitja í skólaráði og eru þeir valdir af nemendaráði.

Haldnir eru fundir einu sinni í viku eða oftari ef þurfa þykir.

Helstu hlutverk fulltrúa nemendaráðs:

- Vinna að hagsmuna- og velferðarmálum allra nemenda.
- Eru fyrirmynd í orði og gjörðum innan skólans sem utan.
- Eru talsmenn nemenda og koma hugmyndum og ábendingum þeirra inn á borð nemendaráðs.
- Eru fulltrúar nemenda gagnvart stjórn skólans og skólayfirvöldum.
- Bera upp erindi til umfjöllunar á fundum ráðsins.
- Hvetja aðra nemendur til þátttöku í starfi skólans og félagsstarfi með jákvæðu umtali.
- Hlusta á hugmyndir frá öðrum nemendum, eru skapandi og stuðla þannig að því að allir nemendur upplifi sig sem hluta af heildinni.
- Skipuleggja og mæta á nemendaráðsfundi og taka virkan þátt í umræðum og verkefnum á hverjum fundi.
- Koma að undirbúningi og útfærslu viðburða og hjálpa starfsfólki við frágang að viðburðum loknum

Fulltrúar í nemendaráði skólaárið 2025-2026

Arna Dröfn Skúladóttir	8.bekk
Þrándur Elí Sigtryggsson	8.bekk
Eva Sól Heimisdóttir	9.bekk
Einar Björn Þorvaldsson	9. bekk
Elmar Nóni Hafliðason	10. bekk

Kolfinna Hafþórsdóttir	10. bekk
Varamenn	
Elísa Dröfn Guðjónsdóttir	8.bekk
Sigrún Rósa Sigtryggisdóttir	9.bekk
Fanney Ósk Sveinbjörnsdóttir	10.bekk

Foreldrafélag Nesskóla

Samkvæmt grunnskólalögum eiga grunnskóli og foreldrar að hafa með sér samstarf til að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi. Starfsfólk skólans vinnur að samstarfinu og umsjónarkennara ber að fylgjast vel með sínum nemendum, aðstoða þá, leiðbeina þeim í námi og styðja við þá á allan hátt í góðri samvinnu við foreldra.

Þegar nemandi hefur skólagöngu er lagður grunnur að þessu samstarfi. Mikilvægt er að trúnaðarsamband komist á milli heimilis og skóla strax í byrjun og jákvæð samskipti höfð að leiðarljósi. Tilgangur samskiptanna er að upplýsingar um nemandann komist sem best á milli heimilis og skóla. Æskilegt er að umsjónarkennari hafi sem mesta vitneskju um nemandann, væntingar hans til skólans, sterkar og veikar hliðar og einnig hvernig nemandinn stendur félagslega og tilfinningalega.

Við skólann er starfandi foreldrafélag. Félagar eru foreldrar/forráðamenn nemenda. Foreldrar/forráðamenn greiða félagsgjöld.

Stjórn foreldrafélags Nesskóla veturinn 2025-2026 skipa:

Katrín Gunnhildardóttir	Formaður (í leyfi)
Íris Dögg Aradóttir	Gjaldkeri
Wala Abu Libdeh	Ritari
+2 bekkjarfulltrúar úr hverjum bekk.	

Í hverjum árgangi eru 2 bekkjarfulltrúar sem skipta með sér verkefnum. Þeir eru eins konar verkefna/viðburðaraðilar sem sjá um að halda utan um viðburði innan bekkjanna.

Lög Foreldrafélags Nesskóla

- grein:** Félagið heitir Foreldrafélag Nesskóla, heimili þess er að Skólavegi 9, Neskaupstað, kennitala félagsins er 591198-2119
- grein:** Félagar eru foreldrar og forráðamenn nemenda í Nesskóla.
- grein:** Markmið félagsins eru að vinna að:
 - Velferð nemenda skólans
 - Samstarfi heimilis og skóla
 - Almennum framförum skólans

Hagnýtar upplýsingar

Óhöpp, slys, skemmdir og tryggingar

Í stórum nemendahópi geta alltaf orðið óhöpp og slys. Ef slíkt kemur fyrir hafa starfsmenn skólans strax samband við foreldra og/eða fara með nemandann á heilsugæslu ef með þarf. Skólinn ber ábyrgð á að skrá öll slys inn á sérstakan vef sem tengist beint tryggingarfélagi Fjarðabyggðar, TM. Allir nemendur hjá sveitarfélaginu eru slysaftryggðir á meðan þeir dvelja í skólanum.

Eftirfarandi reglur gilda þegar óhöpp verða:

- Fyrstu viðbrögð skólans eru að hafa samband við foreldra ef því verður við komið. Jafnframt er strax farið með nemandann á heilsugæslustöð til aðhlynningar.
- Þurfi að leita með nemanda til læknis vegna slyss er það skráð í skólanum. Foreldrum er einnig bent á að láta tryggingafélag sitt vita af slysinu.
- Greiðsla sjálfsábyrgðar fellur ekki á foreldra.
- Sjúkrabílakostnað greiðir skólinn ef nemandi slasast í skólanum eða á þeim stöðum sem nemandi er staddur á vegum skólans.
- Foreldrar greiða allan kostnað við heilsugæslu vegna óhapps, t.d. vegna umbúðaskipta. Sveitarfélagið greiðir hins vegar fyrstu heimsókn á heilsugæslu vegna slyss eða óhapps.
- Varðandi skemmdir eða þjófnað á eignum nemenda er skólinn ekki skaðabótaskyldur nema um vanrækslu sé að ræða. Foreldrum er bent á að athuga tryggingamál sín vel, t.d. að kanna hvort fjölskyldan sé með tryggingar sem bæta t.a.m. brotin gleraugu, þjófnað og fleira.
- Brjótí nemandi rúðu, t.d. kasti í hana grjóti, sparki o.s.frv. greiða foreldrar viðkomandi sjálfsábyrgðina sem og annað tjón sem nemendur kunna að valda á búnaði og/eða eignum annarra í skólanum.

Verði nemandi fyrir slysi eða tjóni vegna þess að hann óhlýðnaðist fyrirmælum eða braut settar reglur bera foreldrar ábyrgð á þeim skaða sem af kann að hljóta.

Samstarf við félagasamtök

Gott samstarf hefur verið á milli skólans og þeirra aðila sem eru að vinna með börnum og unglingum. Er þar einkum átt við æskulýðs – og íþróttafélög, björgunarsveit og kirkjuna.

Tengsl við önnur skólastig og atvinnulífið

Skólinn hefur átt í samskiptum við önnur skólastig með reglubundnum hætti. Má þar nefna samstarf við leikskólann Eyrarvelli og verðandi 1. bekklinga. Þar kynnst þau starfinu, húsnæðinu, kennurum og sjá hvað framundan er hjá þeim í samvinnuverkefni Brúum bilið.

Samstarf við Verkmenntaskóla Austurlands hefur verið með þeim hætti að nemendum 9. og 10. bekkjar hefur boðist að fara á kynningar í VA á vorönn. VA býður nemendum í 9. og 10. bekk einnig upp á skipulagðar verknámsvikur sem flokkast undir valgreinanám.

Í 10. bekk fara nemendur í skipulagða starfsþjálfun í fyrirtæki í bænum, 2 klst. í senn. Önnur kynning er með óformlegri hætti í yngri bekkjum, þar sem kennarar hafa haft góðan aðgang að fyrirtækjum og stofnunum til heimsóknna og fræðslu.

Umferðaröryggi

Við í skólanum látum okkur varða um umferðaröryggi og því eru nokkur atriði sem við viljum ítreka. Örugasta aðkoman að skólanum er að austanverðu, þ.e. við innganginn í bókasafnið. Aðkoma að skólanum að vestanverðu er þröng og í myrkri verður slyshætta þar veruleg þegar mikið er um bíla þar á morgnana. Einnig er hægt fyrir foreldra sem búa í Bakkahverfi og Mýrum, og keyra börn sín í skólann, að láta börnin út við íþróttahús. Bannað er með öllu að keyra inn á skólalóð að vestanverðu á skólatíma. Því miður hefur brugðið við að foreldrar hafa keyrt þar inn er þeir aka börnum sínum í skólann og því viljum við ítreka þetta atriði. Einnig viljum við benda á leiðbeiningar skólans um [reiðhjólanotkun](#) á leið í og úr skóla.

Gæsla í útifríi

Í frímínútum kl. 9:20 – 9:40 eru skólaliðar í gæslu í útifríi. Þeir sem sinna gæslu í útifríinu klæðast skærgulum vestum til að skera sig úr og börnin komi auðveldlega auga á þau. Í matartímanum kl. 11:40 – 12:20, eru kennarar og stuðningsfulltrúar í gæslu inni og úti. Skólaliðar og annað starfsfólk sinna gæslu í matsalnum.

Myndataka

Sindri Swan hefur komið til okkar í febrúar/mars undanfarin ár og myndað 1., 4., 7. og 10. bekki skólans. Foreldrum hefur svo staðið til boða að kaupa myndirnar, þ.e. hópmynd af bekknum og einstaklingsmynd. Öll umsýsla með myndirnar fer fram í gegnum Sindra Swan og heimasíðu hans, <https://www.sindriswan.com/>

Mætingar, forföll, leyfi og veikindi

Í Nesskóla er farið eftir settum reglum og nemendur mæta stundvíslega í skólann á hverjum morgni, í allar kennslustundir og með öll þau námsgögn sem nota skal hverju sinni. Lögð er áhersla á að allir nemendur sinni námi sínu vel, jafnt í kennslustundum sem heima. Hvers konar truflun á kennslu og námi skólafélaga er óheimil. Öllum nemendum er skylt að mæta í skólann, í allar kennslustundir samkvæmt stundaskrá. Foreldrum/forráðamönnum ber að tilkynna öll forföll eins fljótt og hægt er í síma 477-1124 eða í gegnum Mentor, vefsíðuna eða appið.

Heimilt er að tilkynna veikindaforföll inn á netfang skólaritara:

ritarinesskola@skolar.fjardabyggd.is

Leyfi frá skóla í lengri eða skemmri tíma er aðeins veitt að beiðni foreldra og eru alfarið á ábyrgð foreldra. Æskilegt er að fjarvist nemenda vegna ferðalaga eða annarra erinda sé haldið í lágmarki því að erfitt getur reynst að vinna upp það sem tapast úr námi auk þess sem fjarvistir hafa áhrif á félagslega stöðu nemenda. Mikilvægt er að sækja um leyfi með a.m.k. þriggja daga fyrirvara þannig að hægt sé að taka til námsgögn fyrir nemandann. Í skólanum er fylgst vel með skólasókn nemenda og eru foreldrar reglulega látnir vita um mætingar barna sinna.

Þurfi foreldrar að fara í burtu með barn á skólatíma þá er þeim bent á að skoða skóladagatalið því nokkrum sinnum yfir veturinn koma langar helgar. Hér má sjá skólasóknarreglur Fjarðabyggðar og hér fyrir neðan er einfölduð útgáfa af ferli nemenda.



Umsjónarkennari getur gefið leyfi fyrir tvo daga en þurfi lengra frí skal sótt um það skriflega með [rafrænum hætti á heimasíðu skólans](#). Ef nemendur geta einhverra hluta vegna ekki tekið þátt í íþróttum í lengri tíma (tvær vikur eða lengur) vegna veikinda, ber að skila inn **vottorði frá lækni**.

Skólaakstur

Nemendum sem búa í Norðfjarðarsveit býðst akstur í skólabíl til og frá skóla. Nemendur eru sóttir heim og keyrt í skólann að morgni og ein ferð er boðin heim í lok skóladags. Akstrinum er sinnt af starfsfólki Fjarðabyggðar.

Tilkynningar frá skólanum

Ef þarf að senda út tilkynningar frá skóla varðandi t.d. skíðaferð, gönguferð eða aðrar breytingar á skólastarfinu er póstur sendur í gegnum Mentor. Einnig eru áriðandi tilkynningar settar á heimasíðu skólans, Facebook síðu skólans og í áriðandi tilfellum eru send smáskilaboð í gegnum Mentor í síma.

Óveður og ófærð

Ef skóla er aflýst vegna veðurs eða ófærðar, er það tilkynnt í útvarpi og auglýst á samskiptasíðum skólans. Ef barn er heima vegna veðurs **ber að tilkynna það sem fyrst**. Benda má á nokkur símanúmer:

- **Nesskóli** **477-1124**
- **Tónlistarskóli** **477-1377**
- **Íþróttahús** **477-1181**
- **Sundlaug** **477-1243**

Bresti á óveður á skólatíma eru foreldrar/forráðamenn vinsamlegast beðnir um að sjá um að börnin verði sótt sem fyrst eftir að kennslu lýkur.

Nesti og skólamatur

Allir nemendur geta fengið sér ávaxtabita í lok annars tíma eða í byrjun þess þriðja. Þá hafa þeir aðgang að ávöxtum eftir hádegismat. Því er þeim tilmælum beint til foreldra að senda börnin með ávexti í skólann til að borða í „ávaxtanestinu“. Gott er að fara eftir ráðleggingum landlæknis um morgunnesti grunnskólabarna sem hægt er að sjá hér:

<https://www.nesskoli.is/is/skolinn/skolastarf/radleggingar>

Matartíminn er þrískiptur:

1.-4. bekkur borða milli 11:40 - 12:00

5.-7. bekkur borða milli 12:00 - 12:20

8.-10. bekkur frá 12:20 - 12:40.

Maturinn er keyptur af Fjarðaveitingum og er fluttur hingað í hitakössum. Matseðilinn má finna á heimasíðu [Nesskóla](#).

Áfallaáætlun Nesskóla

Mikilvægt er að starfsmenn séu vel undir það búinir að takast á við erfiðleika sem fylgja hinum ýmsu áföllum. Nauðsynlegt er að samkomulag og skýr vitneskja sé um hvernig bregðast skuli við áföllum. Í skólanum er starfandi áfallateymi. Hlutverk þess er að gera vinnuáætlun svo bregðast megi fumlaust og ákveðið við þegar áföll hafa orðið, svo sem bráð veikindi, alvarlegt slys, dauðsföll eða aðrir atburðir sem líklegir eru til að kalla fram áfallastreitu og/eða sorgarviðbrögð. Áfallateymi sér einnig um:

- Upplýsingaflæði til allra innan skólans sem tengjast nemandanum.
- Stuðning við kennara.
- Að fylgjast með að nemandinn fái allan þann stuðning sem mögulegt er að veita innan skólans eins lengi og hann þarfnast.
- Aðgengilegt fræðsluefni fyrir kennara og starfsmenn um viðbrögð við áföllum og alvarlegum veikindum.
- Bókalista fyrir nemendur og kennara yfir barnabækur þar sem sorgin er meðhöndluð.

Í áfallateymi skólans sitja skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri stoðþjónustu og námsráðgjafi.

Áfallateymið fundar að hausti og kannar hvort breytingar hafi orðið á aðstæðum nemenda eða starfsfólks vegna alvarlegra slysa, veikinda, dauðsfalla, skilnaða, kynferðisofbeldis eða annar áfalla. Lykilatriðið er að mótuð verði skýr og afdráttarlaus vinnuáætlun, til dæmis um hver sinni hvaða hlutverki, í hvaða röð og hvernig bregðast eigi við einstökum tilvikum. Mikilvægt er að huga vel og vandlega að óskum þeirra sem eiga í hlut hverju sinni. Fumleysi, kærleikur og umhyggja er það sem skiptir mestu máli þegar sorgin eða áfall ber að dyrum.

Félagslífið / Reglulegir viðburðir

Félagslíf

Umsjónaraðili félagslífs Nesskóla er Þórfriður Soffía Þórarinsdóttir. Hún sér um leikrit níunda bekkjar, árshátíðir mið- og yngsta stigs sem og vorskemmtanir sömu stiga.

Foreldrar barna í 9. bekk halda utan um fjáraflanir níunda bekkjar fyrir skólaferðalag þeirra.

Árshátíð

Árshátíð nemenda á mið- og yngsta stigi er tvískipt. Hafa nemendur á miðstigi, 5. – 7. bekk, annars vegar haldið árshátíð og hins vegar nemendur yngsta stigs, 1. – 4. bekk. Árshátíðirnar eru haldnar seinni hluta marsmánaðar og jafnvel stundum í byrjun apríl. stefnan er þó ávallt að þeim sé lokið fyrir páskafrí.

Gönguferð

Skemmtileg hefð er fyrir því að fara í gönguferðir á haustin. Þar er stigunum skipt og farið í miserfiðar göngur, í nágrenni bæjarins. Reynt er að gefa út í hvaða viku gangan er, og ákveðið með 1-2 daga fyrirvara hvaða dag farið er, veðurspá ræður þar mestu um. Foreldrar fá upplýsingar daginn fyrir göngu þar sem farið er yfir hagnýt atriði áður en lagt er af stað. Þriðja hvert ár fer unglingastigið í Stóruð.

Þemavika

Í nóvember eru haldnir þemadagar í skólanum, þar sem allir nemendur og kennarar taka þátt í ákveðnu þema og vinna eftir því frá þriðjudegi til fimmtudags. Oftast er haldin þemasýning í lokin sem er þá sérstaklega auglýst. Hefðbundið skólastarf liggur niðri þessa daga.

Jólafondur

Lengi vel var hefðin sú að jólafondrið var haldið á skólatíma, og foreldrar komu og föndruðu með börnunum. Núna annast Foreldrafélagið jólafondrið með góðum árangri.

Fjallaferð

Skólinn fer í fjallaferð, yfirleitt í mars. Þá heimsækjum við "Austfirsku Alpana", öðru nafni skíðasvæðið í Oddsskarði. Þeir sem ekki eiga skíði, sleða, þotur eða annað sem hægt er að hafa með sér, geta leigt útbúnað í skíðaskála.

9. bekkjar ferðalag

Við lok 9. bekkjar fara nemendur í skólaferðalag. Síðan 2010 hefur ferðalagið verið til norðurlands, nánar tiltekið Akureyrar og einnig til Bakkaflatar í Skagafirði og nágrennis. Ferðalagið er oftast í þriðju viku maímánaðar. Foreldrar 9. bekkinga hafa veg og vanda af fjáröflun 9. bekkjar fyrir ferðalagið og skipta með sér verkum í tengslum við söfnunina. Einnig styðja foreldrar myndarlega við 9. bekkjar leiksýninguna sem er aðal fjáröflunin fyrir ferðalagið.

Öskudagur

Á öskudaginn mæta nemendur í skólann kl. 08:10, æfa söngva og fara með vinabekkjum um bæinn að syngja fyrir nammi. Eftir hádegið hafa foreldrar 9. bekkinga haldið utan um öskudagsball sem stutt er af Foreldrafélagi Nesskóla og haldið í Íþróttahúsinu

Rýmingaráætlun

Í kennslustofum skólans eru teikningar af útgönguleiðum ef hættuástand skapast.

Öryggisnefnd er starfandi í skólanum, í henni er öryggistrúnaðarmaður og annað starfsfólk sem skipað er í nefndina. Öryggisnefnd ber ábyrgð á að skipuleggja rýmingaráætlun, kynna hana fyrir starfsfólki og nemendum og koma á æfingum.

Á hverjum vetri eru haldnar rýmingaræfingar í samstarfi við Slökkvilið Fjarðabyggðar. Öryggisnefnd skipuleggur æfingarnar og gerir umbætur ef einhverjir hnökrar eru.

[Heildar rýmingaráætlun má finna á heimasíðu skólans.](#)

Bókasafn – skólabókasafn

Bókasafnið í Neskaupstað hýsir bæði skólabókasafn Nesskóla og almenningsbókasafn Neskaupstaðar. Safnið er staðsett á jarðhæð Nesskóla, og er um 244 fm².

Netfang: boknes@fjardabyggd.is
Sími: 477 1521


Opnunartími safnsins er sem hér segir:

Mánudaga	08:00 - 13:00 og 14:00-19:00
Þriðjudaga	08:00 – 13:00 og 14:00-17:00
Miðvikudaga	08:00 – 13:00 og 14:00-17:00
Fimmtudaga	08:00 – 13:00 og 14:00-17:00
Föstudaga	Lokað


Á opnunartíma safnsins er nemendum frjálst að koma og fá lánaðar bækur eða skoða, lesa og vinna á safninu. Útlánskerfið sem notað er heitir Gegnir. Allir nemendur mega fá lánaðar bækur til afnota í skólanum og heima. Algengt er í yngri bekkjunum að nemendur séu með eina til tvær bækur í skólanum af safninu. Útlánstíminn er yfirleitt 4 vikur og hægt er að endurnýja lán ef þörf krefur. Foreldrar eru beðnir um að aðstoða börnin við að varðveita lánsbækur og skila þeim á réttum tíma. Ef bók tapast á heimili barns ber foreldrum að greiða bókina eða kaupa nýja.

Teikningar af skólanum


Fyrsta hæð



Önnur hæð



Þriðja hæð



↓

